

Rothögg í Glasgow



Eftir tvo sigra í röð var Gunnari Nelson skellt niður á jörðina í Glasgow í gærkvöldi. Santiago Ponzinibbio rotaði þá Gunnar eftir aðeins eina mínútu og 22 sekúndur. NORDICPHOTOS/GETTY

Losar 60 milljarða úr símafyrirtæki

Fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar hyggst selja 24,2 prósent hlut í pólska fjarskiptafélaginu Play. Söluandvirðið nemur um 60,8 milljörðum króna. Hlutfjárútboðið verður eitt það stærsta í sögu Póllands. Félagið er metið á rúmlega 260 milljarða króna.

VIÐSKIPTI Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hyggst losa sig við 60,8 milljarða króna hlut í pólska fjarskiptafélaginu Play í hlutfjárútboði í kauphöllinni í Varsjá í næstu viku. Útboðið verður það stærsta í sögu Póllands ef frá eru taldar sölur pólskra ríkisfyrirtækja.

Eigendur Play, gríska fjárfestingafélagið Tollerton og Novator, hyggjast selja 48,6 prósent hlutfjár í félaginu í umræddu útboði.

Í lok síðustu viku var greint frá því að gengið í útboðinu yrði 36 pólsk slot á hvern hlut og verður söluandvirðið því 4,4 milljarðar slot eða sem jafngildir 124 milljörðum króna. Þar af mun Novator losa sig við 24,2 prósent hlut í Play en hluturinn er metinn á 60,8 milljarða króna samkvæmt útboðsgönginu.

Enn fremur skuld-



Björgólfur Thor Björgólfsson fjárfestir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

bindur Novator sig til þess að selja ekki fleiri hluti í félaginu í 180 daga eftir útboðið.

Novator fer með rétt tæplega helmings eignarhlut í Play á móti Tollerton.

Ragnhildur Sverrisdóttir, talsmaður Novator, vildi ekki

tjá sig um málið þegar eftir því var leitað og vísaði til opinberra tilkynninga sem Play hefur sent frá sér vegna útboðsins.

Miðað við útboðsgengið er Play, sem er næst stærsta fjarskiptafélag Póllands, metið á 9,1 milljarð slot sem jafngildir 261 milljarði íslenskra króna. Eftir útboðið mun Novator eiga 25,5 prósent hlut í félaginu að virði 66,6 milljarða króna.

Söluandvirðið í útboðinu verður

meðal annars nýtt til þess að greiða niður skuldir Play, en dágóð fjárhæð mun jafnframt renna í vasa eigendanna, Novator og Tollerton. Ekki liggur fyrir hver hún verður.

Play, sem var stofnað fyrir um tíu árum, hefur stóraukið markaðshlutdeild sína á pólskum fjarskiptamarkaði á undanförunum árum. Hlutdeildin var fimm prósent árið 2008 en er nú um 27 prósent. Viðskiptavinir þess eru yfir fjórtán milljónir. – kij

Högni Egilsson með eigin plötu

TÓNLIST „Platan er tilbúin og ég er afskaplega spenntur,“ segir Högni Egilsson um fyrstu sólóplötuna sem hann sendir frá sér í haust.

„Platan hefur ákveðið landslag. Hljóðfærasamsetning, tónmál og söguþráður skapa dramatík sem

hjálpur hlustandanum að fara í gegnum marga heima og komast í tæri við myndir sem skapa átök, tilfinningu og andrúmsloft, kyrrt eða stormasamt,“ segir Högni, sem jafnan er kenndur við Hjaltalín.

– gh / sjá síðu 22



Vilja stórfjölgja strengjum í jörðu

ORKUMÁL Stjórnvöld vilja hækka hlutfall jarðstrengja í flutningskerfi raforku úr 43 prósentum í áttatíu prósent á næstu tveimur áratugum. Leggja þau auk þess til að loftlínur verði síður sýnilegar og fjarri fríðlýstum svæðum.

Magni Þór Pálsson, verkefnastjóri rannsókna hjá Landsneti, segir að með áframhaldandi sama takti sé ekki óraunhæft að hlutfall jarðstrengja verði komið í fimmtíu prósent árið 2020, líkt og áformað er.

– kij / sjá síðu 6



Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um að fylla rými sitt af þarflausum hlutum. **11**

SPORT Sandra María Jessen sleit aftara krossband í mars en lagði ótrúlega mikið á sig til að komast í stand fyrir Evrópumótið og það tókst. **14**

TÍMAMÓT Lárus Grétarsson lauk þriggja áratuga ferli sem fótþolþjálfari fyrir en hann hafði áformað. **16**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg




Actavis

VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI



NUTRILENK GOLD

Veður



Suðvestanátt í dag, víða 5-10 m/s. Skýjað að mestu og dálítill væta um tíma suðvestan- og vestanlands. Bjart með köflum á austanverðu landinu. **SJÁ SÍÐU 18**

Skeljungur sleit viðræðum um kaup á Basko

VIÐSKIPTI „Samningurinn á milli aðila var háður ýmsum skilyrðum og forsendum sem ekki gengu öll eftir,“ segir Valgeir M. Baldursson, forstjóri olíufélagsins Skeljungs, um þá ákvörðun að slíta viðræðum um kaup á öllu hlutafé í Basko.

Valgeir áreiðanleikakönnun hafa verið komna nokkuð langt en að öðru leyti geti hann ekki tjáð sig.

Viðræður á milli félaganna hófust í maí. Áætlað kaupverð var allt að 2,2 milljarðar króna. Á meðal fyrirvara var að áætlaður rekstrarhagnaður og horfur í rekstri Basko byggði á viðandi forsendum að mati Skeljungs.

Basko á rekstrarfélag Tíu ellefu, Ísland verslun og Imtex. Undir félögin heyra meðal annars 10-11 verslanirnar, verslanir Iceland, kaffihús Dunkin Donuts og hamborgarastaðurinn Bad Boys Burgers & Grill. – kj

Beðið eftir rúttunni



Bann við akstri hópferðabíla á ákveðnum svæðum í miðbænum tók gildi um helgina. Þurftu slíkar bifreiðar því að sækja ferðamenn á ákveðnar stoppstöðvar. Ferðamaður við þessa stoppstöð sagði lítið mál að rölta til móts við rúttuna. Það væri raunar sjálfsgagt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



Stund milli stríða hjá EM-fjölskyldu... FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN G. SIGURÐSSON

Næturfrí til að gefa brjóst

ÍPRÓTTIR Jóhannes Karl Sigursteinsson, hinn sex ára Steinar Karl og hinn sjö mánaða gamli Ýmir voru glaðir í bragði þegar Harpa Þorsteinsdóttir kom í hollenska kotíð þeirra í gærkvöldi eftir langan dag með landsliðinu.

Harpa gistir hjá strákunum sínum til að geta gefið Ými brjóst. Það mun reyna á pabbann í nótt, Hörpulausan, þegar stelpurnar gista allar 23 í Tilburg fyrir fyrsta leik liðsins gegn Frakkum á morgun. – ktd

Flateyjargátan í uppnámi

Framleiðslu Flateyjargátunnar hefur verið frestað. Ekki fékkst samningur við Kvikmyndamiðstöð. Forstjóri Saga Film segir forgangsröðun skritna. Forstöðumaður miðstöðvarinnar segir ekki hægt að veita fleiri styrki en fjármagn leyfir.

MENNING Framleiðslu þáttaradarnar Flateyjargátan, er byggist á samnefndri bók Viktors Arnars Ingólfssonar, hefur verið slegið á frest þar sem ekki fékkst úthlutun úr Kvikmyndasjóði.

Hilmar Sigurðsson, forstjóri Saga Film, segir að upphaflega hafi verið sótt um úthlutun á síðasta ári, því hafi verið hafnað sökum peningaleysis. „Þá erum við hvött til að sækja um aftur sem við gerðum í nóvember. Svarið við því kemur síðan 17. mars. Þá er styrkveitingu hafnað en okkur boðið vilyrði fyrir því að fá styrk á næsta ári,“ segir Hilmar en verkefnið er samframleiðsla Saga Film og Reykjavík Films.

Vegna skuldbindinga við erlenda aðila, meðal annars norrænar ríkisstöðvar, sem og væntanlegt starfsfólk, um að tekið yrði upp í haust sendu framleiðendur Kvikmyndamiðstöð beðni um að fá að taka upp í ár en að fá styrkinn ekki fyrr en á næsta ári.

„Síðan fáum við svar frá Kvikmyndamiðstöð um að samkvæmt vinnureglum sjóðsins geti miðstöðin ekki gert við okkur samning. Samningur þarf að liggja fyrir áður en farið er í tókur svo við getum síðan fengið fjármagn. Kvikmyndamiðstöðin byggir það á því að sjóðurinn geti ekki gert við okkur samning sem falli til á núverandi fjárhagsári vegna bókhaldsreglna um að þeir þurfi að bókfæra hann á þessu ári,“ segir Hilmar.

Framleiðendur töldu tédar reglur ekki eiga að vera til fyrirstöðu og leituðu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fól ráðherra loks Kvikmyndamiðstöð að gera samning við framleiðendur. „Vandamálið er það að þetta



Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hilmar Sigurðsson, forstjóri Saga Film. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Verklagsreglur Kvikmyndasjóðs komu í veg fyrir að hægt var að gera samning. Forstöðumaður segir þær koma frá ráðuneytinu.

kemur of seint. Við vorum búin að fresta verkefninu,“ segir Hilmar. Fólk hafi ráðið sig annað.

Hilmar segir forgangsröðun Kvikmyndamiðstöðvar skritna. „Þegar maður lítur yfir rökin þá finnst mér þetta mjög undarleg ákvörðun. Sérstaklega þar sem við uppfyllum öll skilyrði Kvikmyndamiðstöðvar. Við erum með fullskrifuð handrit, mjög góða aðra fjármögnun þar sem búið er að selja þetta víða og svo hefur þetta

fengið mjög góðar umsagnir frá ráðgjöfum Kvikmyndamiðstöðvar og þeir mælt með styrkveitingu,“ segir Hilmar og bætir því við að nú séu framleiðendur í viðræðum við erlenda samstarfsaðila um framhaldið.

Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, segir að ráðuneytið og Fjárflygslan setji reglurnar. „Ég held að Hilmar viti ósköp vel að þær voru settar fyrir nokkrum árum síðan og okkur var gert að fara eftir þeim.

Vaðandi forgangsröðun segir Laufey aldrei hægt að veita fleiri styrki en fjármagn er til fyrir. „Því miður eru alltaf þó nokkur verkefni sem fá jákvæðar umsagnir og eru vel fjármögnuð en komast ekki að. Fjármagn er alltaf takmarkandi þáttur.“ thorgnyr@frettabladid.is

Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER

LÁTTU HEILLAST



Verð frá 8.110.000 kr.

Land Cruiser 150 er margrómuð blanda glæsileika og krafts. Ekkert fær hann stöðvað enda gæddur óviðjafnanlegum aksturseginnleikum og ríkulegum staðalbúnaði. Þegar þér eru allir vegir færir eru möguleikarnir óteljandi. Ekki láta það frelsi fara til spillis.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Þingnefnd ræðir reglur um uppreist æru á sérstökum sumarfundi

STJÓRN MÁL Boðað hefur verið til sérstaks fundar í fyrramálið í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis til að ræða reglur um uppreist æru.

Fundurinn er haldin að ósk Svandísar Svavarsdóttur úr Vinstri grænum og er tilefnið umræða í kjölfar þess að Róberti Árna Hreiðarssyni, sem nú heitir Robert Downey, var veitt uppreist æru. Róbert var á sínum tíma dæmdur

til fangelsisvistar vegna grófra kynferðisbrota gegn unglingsstúlkum.

„Ég er ekki alveg viss um að þetta heyrir undir okkar nefnd en það sem vafðist helst fyrir mér er árstíminn. Ég lit ekki á þennan fund sem nauðsynlegan út af neyðarástandi og ekkert sem gat ekki beðið fram yfir miðjan ágúst en einhverjum fannst mikilvægt að gera þetta strax og þá var ég

Einhverjum fannst mikilvægt að gera þetta strax og þá var ég ekkert að standa í vegi fyrir því.

Brynjar Nielsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis



ekkert að standa í vegi fyrir því,” segir Brynjar Nielsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Sjálfur segist Brynjar ekki hafa kynnt sér reglurnar um uppreist æru. „Menn hafa fengið þetta einhverjum tíma eftir að þeir hafa verið dæmdir. Það er ekkert sjálfgefið að þetta þurfi að vera svona og ég vil gjarna vita hvernig þetta er annars staðar.“

Að sögn Brynjars munu fulltrúar dómsmálaráðuneytisins og Lögmannsfélags Íslands mæta á fundinn til að upplýsa um hvernig staðið hafi verið að slíkum málum hérlendis og í nágrannalöndum okkar sömuleiðis. „Dómsmálaráðherra [Sigríður Á. Andersen] hefur boðað breytingu og við fáum kannski að vita hvaða hugmyndir hún hefur um það,” nefndarformaðurinn. – gar



Heiðarbrún 6 er ónýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓI K

Kona slapp úr brennandi húsi

LÖGREGLUMÁL Kona slapp af eigin rammeik út úr brennandi húsi á Stokkseyri undir morgun í gær ásamt tveimur hundum. Um er að ræða Andreu Kristínu Unnarsdóttur sem ítrekað hefur verið í fréttum vegna afbrota. Andrea sem flutt var á sjúkrahús baðst undan því að tjá sig þegar Visir.is leitaði eftir upplýsingum frá henni um málið.

Húsið sem um ræðir og er að stofni til frá 1910 var vettvangur hrottalegrar líkamsárásar þar sem manni var haldið nauðugum fyrir fjórum árum. Stefán Logi Sívarsson og Stefán Blackburn voru dæmdir í sex ára fangelsi vegna málsins. Húsið hefur verið í eigu ríflega fertugs karlmanns frá árinu 2011 en Íbúðalánasjóður eignaðist það nú í maí. – gar

Skattstjóri vill 500 milljónir

SKATTAMÁL Ríkisskattstjóri krefur sextán manns sem eru í Panama-skjölum um samtals tæplega hálfan milljarð króna vegna vangoldinna skatta. Þetta kom fram í fréttum Ríkissjónvarpsins í gær. Haft er eftir ríkisskattstjóra að líklegt sé að allt innheimtist og að talan gæti enn hækkað. Tuttugu mál til viðbótar eru til vinnslu.

Ríkisstjórnin keypti gögn eftir Panama-lekann svokallaða um eignir Íslendinga í skattaskjölum. Þar voru nöfn 349 einstaklinga og 61 aflandsfélags með íslenska kennitölu. Skatt-rannsóknarstjóri ákvað að rannsaka 34 nöfn sérstaklega og þau fóru því ekki á borð ríkisskattstjóra. – sks

HEILBRIGÐISMÁL „Það sem maður er mjög hugsi yfir er annars vegar framkvæmdin á þessu,” segir Katrín Jakobsdóttir formaður VG um útbod Sjúkratrygginga á heilbrigðisþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á EES svæðinu.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að búið væri að bjóða þjónustuna út í stað þess að endurnýja þjónustusamninga við SÁÁ. Ákvörðunin var tekin á grundvelli laga um opinber innkaup sem samþykkt voru í vetur.

Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, hefur sagt að samtökin hafi ekki verið lätin vita af því að bjóða ætti þjónustuna út. Sjúkratryggingar hafi síðan látið þá vita óformlega, að þeir ættu að gefa auglýsingu gaur sem birt hafði verið á erlendum vef á netinu. Katrín Jakobsdóttir gagn-



Katrín Jakobsdóttir formaður VG

rýnir að ráðist hafi verið í útbóði án nægjanlegs aðdraganda. Hún segir líka að ef gera eigi breytingar á jafn viðkvæmri þjónustu og heilbrigðisþjónusta við áfengissjúklinga er, þá þurfi það að byggja á faglegu mati en ekki eingöngu útbóðsreglum.

„Þegar við erum að ræða um heilbrigðisþjónustu þá þurfum við að eiga umræðu um það hvaða faglega mat eigi að fara fram áður en ákvarðanir eru teknar,” segir hún.

Katrín segir VG ekki leggjast gegn því að einkaaðilar eða frjáls félagsamtök reki heilbrigðisþjónustu,



SÁÁ hefur veitt heilbrigðisþjónustu fyrir áfengissjúklinga í um 40 ár. Nú hefur ríkið boðið verkefnið út í samræmi við ný lög um opinber innkaup. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

sé hún ekki rekin í hagnaðarskyni. Nefnir hún þar starfsemi SÁÁ og starfsemi Reykjalundar. Tryggja þurfi að það sé festa í starfsemi viðkomandi aðila og ekki megi vera óvissa hjá þeim sem veita þjónustuna um fjárveitingu.

Sú leið sem farin er við útbod á heilbrigðisþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, samkvæmt nýjum lögum um opinber innkaup, er kölluð „létta leiðin“ af því að viðmiðunarmörk um útbóðsskyldu eru talsvert hærri

en vegna annarrar þjónustu og rýmri reglur gilda um aðferðir við útbod og val á tilboðum. Samkvæmt reglugerð þarf að bjóða út alla samninga sem eru umfram 116 milljónir króna.

jonhakon@frettabladid.is

Hlutur ORK metinn á rúma sjö milljarða

VIÐSKIPTI Virði 12,7 prósent hlutarins sem fagfjárfestastjóðurinn ORK mun eignast í HS Orku er rúmur sjö milljarðar króna samkvæmt verðmati á félaginu sem gert var í lok síðasta árs. Virði eignarhlutar íslenskra lífeyrissjóða í félaginu gæti þannig samtals orðið um 25,3 milljarðar króna.

Kanadíska orkufélagið Alterra greindi frá því í síðustu viku að dótturfélag sitt, Magma Energy, ætti í viðræðum við íslenska fagfjárfestastjóðinn ORK, sem er að mestu leyti í eigu lífeyrissjóða, um uppgjör á skuldabréfi sem Magma gaf út við kaup á hlut sínum í HS Orku. Af tilkynningu Alterra má ráða að Magma hyggst ekki endurfjármagna lánið, heldur er gert ráð fyrir að ORK gangi að veði þess og yfirtaki þannig 12,7 prósent hlut í HS Orku af Magma. Hlutur Magma mun því minnka úr 66,6 prósentum í 53,9 prósent, en fyrir eiga fjórtán lífeyrissjóðir 33,4 prósent hlut í HS Orku í gegnum



Magma Energy verður áfram stærsti hluthafi HS Orku, með 53,9% hlut.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

46,1%
er hlutur íslenskra lífeyrissjóða í HS Orku.

félagið Jarðvarmi. Íslenskir lífeyrissjóðir munu því samtals eiga 46,1 prósent hlut í orkufélaginu að virði rúmlega 25 milljarða króna. Eignarhlutur Jarðvarma var metinn á 18,3 milljarða króna í bókum félagsins í lok árs 2016, en samkvæmt því er markaðsvirði HS Orku 54,8 milljarðar króna. Hefur það hækkað um 31 prósent á undanförmum fimm árum.

Skuldabréfið, sem var á lokagjald-daga í gær, 16. júlí, var metið á tæpa 7,4 milljarða króna í lok júnímánaðar. ORK keypti bréfið af Reykjanesbæ í ágúst 2012 en þá nam kaupverðið tæpum 6,3 milljörðum króna.

Eins og Markaðurinn hefur greint frá var þrjátíu prósent hlutur HS Orku í Bláa lóninu settur í söluferli um miðjan maí. Bárust tilboð í hlutinn frá nokkrum erlendum fjárfestingarsjóðum, en þau gefa til kynna að HS Orka geti fengið í kringum tíu milljarða króna fyrir sölu. – kj

Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

EQ SKIPTU NÚNA



Tækni morgundagsins er komin. Aflmeiri bílar með EQ POWER

Rafvæðing Mercedes-Benz er hafin undir nafninu EQ. Komdu og skoðaðu glæsilegt úrval Plug-in Hybrid bíla, sem sameina alla bestu eiginleika rafbílsins og bensínvélarinnar.

[#switchtoEQ](#)

Mercedes-Benz

The best or nothing.





Velta í mannvirkjagerð óx um 22 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Iðnaður eykur veltu verulega

VIÐSKIPTI Velta í iðnaði nam 424 milljörðum króna á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs samkvæmt Hagstofu Íslands. Það er 35 prósent af allri virðisaukaskattskyldri veltu fyrirtækja í landinu.

Fram kemur á vef Samtaka iðnaðarins að velta í iðnaði var 7,1 prósent meiri á fyrstu fjórum mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra. Er það aukning um ríflega 28 milljarða króna. Ljóst sé að iðnaðurinn eigi stóran þátt í hröðum hagvexti í íslenska hagkerfinu.

Mestur var vöxturinn á fyrsta ársþriðjungi í veltu tengdri innlendri eftirspurn, það er tengt bæði fjárfestingu og neyslu. Vöxturinn var minni í þeim hluta iðnaðar sem er í hvað mestri samkeppni við erlend fyrirtæki.

Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð var vöxturinn umtalsverður á ofangreindu tímabili eða 22 prósent. Þetta eru tæpir 15 milljarðar króna. – sg

Afar formleg skoðanakönnun



Nunna greiðir atkvæði í óformlegum kosningum stjórnarandstæðinga í Venesúela. Kosningarnar eru í raun skoðanakönnun. Er þeim ætlað að mæla stuðning við áform Nicolas Maduro forseta um nýja stjórnarskrá. Yfirvöld neituðu að gefa grænt ljós á kosningarnar og ákváðu stuðningsmenn forsetans að sniðganga þær. Því verða andstæðingar Maduro örugglega í meirihluta þegar talið er upp úr kössunum. NORDICPHOTOS/AFP

Segir skýrslu Hafró aðeins innlegg í umræðu um eldi

UMHVERFISMÁL Kristján P. Davíðsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segist ekki líta á nýja skýrslu Hafrannsóknastofnunar, þar sem lagt er gegn auknu laxeldi í Ísafjarðardjúpi og Stöðvarfirði, sem „endanlegan stóra dóm“. Skýrslan sé aðeins innlegg í umræðuna.

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar leggja til að eldi verði ekki leyft í Ísafjarðardjúpi vegna mögulegra neikvæðra áhrifa á laxastofna í Djúpinu. Af sömu ástæðum er lagt til að eldi verði ekki aukid í Berufirði. Þá mæla sérfræðingarnir gegn eldi í Stöðvarfirði vegna nálægðar við Breiðdalsá. Fiskeldisfyrirtæki hafa áform um stóraukið fiskeldi á þessum svæðum.

„Það hlýtur að þurfa að rýna þetta mat Hafró faglega og taka síðan pólitíska ákvörðun um það hvort ytrasta mati verði fylgt eða hvort það verði gerðar einhverjar málamiðlanir,“



Hafró leggst gegn fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

segir Kristján. Hann segir augljóst að þrjátíu þúsund tonna eldisframleiðsla, eins og áformað er í Ísafjarðardjúpi, muni skapa mörg hundruð störf. Vega þurfi þá samfélagslegu hagsmuni á móti hagsmunum nokkurra hundraða laxa í tveimur ám sem skapi engin störf. „Ég hef sagt að það væri nú einkennilegt ef hver einasti villilax á Íslandi nyti forgangs umfram samfélögin, hvort sem það er á Vestfjörðum eða Austfjörðum.“ – kj

Raflínur úr lofti í jörð

Stjórnvöld vilja auka hlut jarðstrengja í raforkukerfinu. Loftlínur verði síður sýnilegar og fjarri friðlýstum svæðum. Kostnaður við jarðstrengi fer minnkandi.

ORKUMÁL Stjórnvöld leggja til að hlutfall jarðstrengja í flutningskerfi raforku hækki úr 43 prósentum í að minnsta kosti 80 prósent á næstu tveimur áratugum. Sérfræðingur hjá Landsnet segir allar nýjar lagnir fyrirtækisins, nema á hæsta spennustigi, hafa verið lagðar í jörðu.

Í lok júní voru birt drög að þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfi raforku. Þar er lagt til að hlutfall jarðstrengja í kerfinu aukist jafnt og þétt á næstu árum, á kostnað loftlína. Um leið muni lengd loftlína minnka, þannig að þær verði ekki eins sýnilegar í íslenski náttúru, auk þess sem þær verði að mestu fjarri friðlýstum svæðum og muni ekki liggja inn í þéttbýlisstaði.

Vilji stjórnvalda stendur til þess að hlutfall jarðstrengja í flutningskerfinu verði komið í fimmtíu prósent árið 2020 og áttatíu prósent árið 2035. Hlutfallið er nú um það það bil 43 prósent. Í tillögunni kemur fram að nota skuli jarðstrengi að meginstefnu til við lágspenn dreifikerfi og landslutakerfi og er jafnframt bent á að möguleikar séu fyrir hendi til þess að auka verulega hlutfall jarðstrengja við háspennu í meginflutningskerfinu.

Meginflutningskerfið og aðrar raflínur á 132 kilóvolta spennustigi eða hærra eru samtals tæplega 2.200 kílómetrar, en þar af eru aðeins fimm prósent, um 110 kílómetrar, í jarðstreng.

Landsnet hefur margsinis bent á að kostnaður við að leggja jarðstreng sé margfalt meiri en við loftlínu. Ljóst er þó að munurinn fer sífellt minnkandi, líkt og áréttad er í tillögu stjórnvalda, og nálgast sá tími ódfluga að jarðstrengir fyrir háspennu verði samkeppnishæfir við loftlínur í verði.

Magni Þór Pálsson, verkefnastjóri rannsóknna hjá Landsneti, segir markmið stjórnvalda ansi metnaðarfull. „Með áframhaldandi sama takti er ekki óraunhæft að hlutfall jarð-



Lengd loftlína minnkar og þær verða síður sýnilegar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Með áframhaldandi sama takti er ekki óraunhæft að hlutfall jarðstrengja verði komið í fimmtíu prósent árið 2020.

Magni Þór Pálsson, verkefnastjóri rannsóknna hjá Landsnet



strengja verði komið í fimmtíu prósent árið 2020,“ segir hann. Hvort hlutfallið verði orðið 85 prósent árið 2032 sé hins vegar erfiðara að segja til um. Það sé vissulega metnaðarfullt, en eigi eftir að koma í ljóst hvort það sé raunhæft.

Magni segir dreififyrirtækin, svo sem Rarik og Veitur, hafa staðið sig vel við að leggja dreifikerfi til sveita í jörðu á lágu spennustigi. Það sé orðið hagstæðara, fjárhagslega séð, heldur

en að reisa loftlínur. Landsnet hafi fylgt sömu stefnu, en til marks um það hafi allar nýjar 66 og 132 kilóvolta lagnir fyrirtækisins verið lagðar í jörðu.

Sem stendur er þó enginn jarðstrengur í flutningskerfinu á hæsta spennustiginu, 220 kilóvoltum.

„Allar nýjar lagnir okkar á næst hæsta spennustigi, 132 kilóvoltum, hafa verið í jörðu. Við gáfum fyrr á árinu út skýrslu um mögulegar jarðstrengslagnir í fyrirhuguðu 220 kilóvolta flutningskerfi á Norðurlandi og þar eru greindir möguleikar á því að leggja hluta af línunum í jörðu.“

Við erum til dæmis að skoða alvarlega að leggja hluta af nýrri línu frá Akureyri vestur á Hólasand eða Kröflu í jörðu, um tólf kílómetra kafla,“ nefnir Magni Þór. Eins séu sérfræðingar Landsnets að kanna hvort mögulegt sé að leggja hluta af núverandi 132 kilóvolta byggðalínu í jörðu, að því gefnu að ráðist verði í að byggja upp nýtt 220 kilóvolta flutningskerfi í lofti. kristningi@frettabladid.is



weber

gæði... ending... ánægja.

skoðuðu úrvalið á Weber.is



Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

KOMDU OG UPPLIFÐU MAZDA



MAZDA 6



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5
600 Akureyri

S. 515 7050

mazda.is



Daufblind kona tekur lán fyrir sumarbúðaferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áslaug áfrýjar túlkadómi

DÓMSMÁL Áslaug Ýr Hjartardóttir hyggst áfrýja dómi héraðsdóms um að ríkinu beri ekki skylda til að greiða fyrir túlkajónustu hennar vegna sumarbúða í Svíþjóð, að sögn lögmanns hennar. Hún ætlar að taka lán fyrir ferðinni.

Áslaug, sem er daufblind, óskaði eftir því við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra að greitt yrði fyrir túlkajónustu fjögurra túlka vegna sumarbúða sem hún hyggst sækja í Svíþjóð í sumar. Þeirri ósk var hafnað og höfðaði hún í kjölfarið mál gegn samskiptamiðstöðinni og íslenska ríkinu. Dómur Héraðsdóms Reykja-

víkur féll á föstudag, ríkinu í vil.

Í dómnum segir að Áslaug eigi vegna fötlunar sinnar rétt á endurgjaldslausri táknmálstúlkajónustu vegna daglegs lífs, en hins vegar þurfi að gæta jafnræðis á milli notenda þjónustunnar með tilliti til þeirra fjárveitinga sem séu til ráðstöfunar.

Kostnaður vegna ferðar Áslaugar til Svíþjóðar myndi nema um átján prósentum af því fé sem samskiptamiðstöðin hafi til umráða á næstu þremur mánuðum. Fjármagnið myndi því ekki endast út tímabilið og jafnræði notenda þjónustunnar yrði þannig ekki virt. – **kij**



Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, er hann ávarpaði stuðningsmenn í höfuðborginni Ankara. NORDICPHOTOS/AFP

Erdogan segir ESB hafa leikið sér að Tyrklandi

Forseti Tyrklands segir Evrópusambandið ekki standa með Tyrkjum og lýsir yfir þeim vilja að taka upp dauðarefsingar á ný. Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins segir að það myndi binda enda á aðildarumsókn Tyrkja.

TYRKLAND „Afstaða Evrópusambandsins er skýr. Nú eru 54 ár liðin og Evrópusambandið er enn að leika sér að okkur,“ sagði Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands í gær. Sagði forsetinn Evrópusambandið hafa svikið öll loforð sem það hafi gefið Tyrkjum. Allt frá loforðum um ferðaleyfi Tyrkja til loforða um aðstoð fyrir sýrlenska flóttamenn í Tyrklandi.

Vísadi Erdogan til þess í ræðu sinni í gær, sem var ein fjölmargra sem hann hélt í tilefni af því að ár er nú liðið frá valdaránstílaun, að 54 ár væru liðin frá því Tyrkir sóttu um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Árið 1987 sóttu Tyrkir svo formlega um aðild að Evrópusambandinu og hafa viðræður verið afar flóknar allar götur síðan. Samþykktu til að mynda þingmenn Evrópusambandsins að fresta viðræðum ótímabundið í nóvember síðastliðnum vegna mannréttindabrota Tyrklandsstjórnar.

Eftir tíðar árásir Erdogan á Evrópusambandið undanfarið, einkum í ræðu gærdagsins, virðist sem ríkisstjórn hans hafi gefist upp á að fá nokkurn tímann aðild að sambandinu. „Við verðum að bjarga okkur sjálf. Það er ekkert annað í stöðunni,“ sagði forsetinn.

Ef Tyrkir myndu endurvekja dauðarefsingar myndi tyrkneska ríkisstjórnin endanlega skella dyrunum á Evrópusambandið.

Jean-Claude Juncker



Samband Tyrkja við Evrópusambandið versnaði mjög í kjölfar fyrrnefndrar valdaránstílaunar. Vöktu miklar hreinsanir Erdogan í stjórnkerfinu athygli en um 150.000 misstu störf sín í hreinsunum. Þá voru tugir þúsunda handteknir, grunaðir um tengsl við útlæga klerkinn Fethullah Gulen, sem yfirvöld kenna um valdaránstílaunina.

Til marks um þann vilja Erdogan um að loka alfarið á möguleikann á aðild að Evrópusambandinu sagði hann í gær muni samþykka að taka á ný upp dauðarefsingu hikaust ef þingið samþykkti. Slikt myndi á afgerandi hátt binda enda-hnúttinn á aðildarferlið.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði í gær að sambandið væri enn af heilum hug í viðræðum við Tyrki. „Nú, einu ári eftir valdaránstílaunina, er hönd Evrópusambandsins útrétt,“ segir í grein Juncker í þýska blaðinu Bild am Sonntag.

„Ef Tyrkir myndu endurvekja dauðarefsingar myndi tyrkneska ríkisstjórnin endanlega skella dyrunum á Evrópusambandið,“ segir enn fremur í grein Juncker. Hvatti hann Tyrki til þess að styrkja lýðræði í ríkinu.

Á laugardag, á ársafmæli valdaránstílaunarinnar, hét Erdogan því að hann myndi rífa hausana af landráðamönnum sem hann sagði hafa staðið að valdaránstílauninni, það er fylgismenn Gulen sem og meðlimir hins útlæga Verkamannaflokks Kúrda (PKK).

Þá sagði Erdogan að meðlimir tengslanets Gulen yrðu neyddir til þess að klæðast göllum sambærilegum þeim sem fangar í bandaríska Guantanamo-fangelsinu þurfa að gera. Var það vegna þess að maður, grunaður um að tengjast Gulen, mætti til réttarhalda í stutt-ermabol sem á stóð „Hetja“.

thorgnyr@frettabladid.is

Gerðu frábær kaup!

SUMMAR ÚTSALA

-25%

Broil King GASGRILL
Crown Cart 310 8,8kW
44.996 kr.
50657516
Almennt verð: 59.995 kr.

-25%

NAPOLEON GASGRILL
TravelQ PRO 2B 4,1kW
33.746 kr.
506600016
Almennt verð: 44.995 kr.

TRAVELQ PRO

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Skoðaðu öll tilboðin á byko.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr. myndaþenging. Tilboð gilda til 31. júlí eða á meðan birgdir endast.



Way of Life!

NÝR SUZUKI S-CROSS

FLOTTARI OG ÖFLUGRI

BEINSKIPTUR, SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN



VERÐ FRÁ KR.
4.060.000

**KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN!**

Nýr fjórhjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Þú kemst alla leið!
Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

.....



4WD All-grip skapar aksturseginnleika í sérflokk.

.....



Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Frumkvöðlar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er komið að því. Íslensku fótballa-stelpurnar eru komnar á sitt þriðja stórmót þar sem þær hefja keppni annað kvöld á móti sterku liði Frakka. Stelpurnar okkar eru heldur engir aukvisar, í þeim býr reynsla, kjarkur og þor til þess að takast á við hvaða lið sem er og ætla sér ætíð sigur. Það er reyndar stórsigur fölginn í því að kvennalandsliði í fótballa, frá þessari smáþjóð norður í Atlantshafi, skuli vera komið á sitt þriðja stórmót en það leynir sér ekki að þær vilja meira.

„Mestu skiptir að hafa rætur og ef þær eru nógu sterkar getur þú teygt þig langt inn í framtíðina.“ Sagði listakonan og frumkvöðullinn Björk Guðmundsdóttir einhverju sinni og þannig eru stelpurnar okkar. Þær eru með sterkar rætur í verkum þeirra frumkvöðla sem sköpuðu íslenska kvennaknattspyrnu og létu aldrei bilbug á sér finna þrátt fyrir mótlæti og fordóma í samfélaginu. Hlustuðu aldrei á úrtölumenn heldur höfðu ástríðu fyrir leiknum og trú á sér og sínum félögum til stórra verka. Þannig eru frumkvöðlar.

Þær vita hvaðan þær koma og hvert þær ætla sér og á þeirri vegferð hafa þær breytt umhverfi sínu og samfélagi til betri vegar. Það hefði ekki margur trúáð því hversu allt er breytt í kringum íslenska kvennaknattspyrnu frá því KSÍ lagði niður kvennalandsliðið í lok niunda áratugarins nema stelpurnar sjálfar. Í kjölfarið tók við óeigingjarnt og þrotlaust starf kvenna sem höfðu þá trú og ástríðu sem til þurfti til að snúa við blaðinu. Það er þeim að þakka að í dag er íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu í baráttu á meðal þeirra bestu, umfjöllun um íslenska kvennaknattspyrnu margföld á við það sem áður var, áhugi almennings mikill og stelpurnar fyrirmyndir fjölda ungmenna með stóra drauma.

Þetta breytta umhverfi er ekki tilkomið vegna ytri aðstæðna heldur eru það fyrst og síðast íslenskar knattspyrnukonur sem hafa barist fyrir hverju framfaraskrefi. Á margfalt lakari kjörum en karlarnir hafa þær æft eins og óðar konur, sinnt þjálfun, staðið í fjárföllum og barist fyrir hverri framför. En eitt hefur þó verið sérstaklega áberandi, að minnsta kosti fyrir okkur sem höfum átt unga fótballastelpu, en það er einstök elja meistaraflokksleikmanna við að sinna ungu kynslóðinni. Þær mæta á æfingar og leiki, hvetja og hrósa, sýna áhuga og virðingu og leggja á sig allt sem þarf til þess að breyta framtíðinni fyrir unga iðkendur. Kannski vegna þess að þær þekkja öðrum betur hvað það er að berjast fyrir sínu í tómarúmi og skeytingaleysi samfélagsins. En þannig eru góðar fyrirmyndir, þær horfa fram á við og láta sig varða um næstu kynslóðir.

Stelpurnar sem á morgun ganga út á völlinn á EM í Hollandi eru afsprengrir slíkra frumkvöðla og þær eru sjálfar slíkar fyrirmyndir sem eiga skilið að njóta stuðnings og hvatningar. Þess vegna skulum við öll fylgjast með hverju skrefi og styðja þær í mótvindi jafnt sem meðbyr. Við skulum styðja stelpurnar okkar. Áfram Ísland!



En þannig eru góðar fyrirmyndir, þær horfa fram á við og láta sig varða um næstu kynslóðir.

Halldór



Frá degi til dags

Mannréttindi

Ef Íslendingar ætla yfir höfuð að reka velferðarkerfi þar sem skattgreiðendur taka höndum saman til að tryggja lífsskilvörð samborgara sína er nauðsynlegt að það sé gert almennilega.

Það brást í tilfelli Áslaugar Ýrar Hjartardóttur, daufblindrar konu, sem tapaði í síðustu viku máli sem hún höfðaði gegn ríkinu vegna synjunar á beiðni um túlkajónustu. Sótti Áslaug um aðstoð túlks í sumarþúðum fyrir daufblinda í Svíþjóð í sumar en fékk synjun. Vann systir Áslaugar, Snædis Rán Hjartardóttir, sambærilegt mál gegn ríkinu fyrir tveimur árum. Virtist sá sigur ekki hafa áhrif í tilfelli Áslaugar, sem ætlar þó að áfrýja í málinu.

Menntamál

Á sömu nótum er vert að taka fram að ætli Íslendingar að reka sameiginlegt menntakerfi, fjármagnað með skattpeningum, er nauðsynlegt að gera það almennilega.

Ákvörðun bæjarstjórnar Hvergerðinga þess efnis að börn í grunnskóla bæjarins fái afhent námsgögn þegar skólastarf hefst að loknu sumarfríi er því vel við hæfi. Mun útsvar bæjarbúa því renna í stílabækur, plastvasa, liti, teygjumöppur, strokleður og reglustíkur í stað þess að bæjarbúar, jafnt efnameiri sem efnameinni, þurfi að kaupa umræddar vörur til viðbótar við útsvarið sem þeir greiða.

thorgnyr@frettabladid.is

Þekkir ráðherra eigin stefnu?



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður
Vinstri grænna

Þorsteinn Vígundsson velferðarráðherra gerði mér þann heiður að svara skrifum mínum á þessum vettvangi í síðustu viku. Þorsteinn er ósáttur við að ég skuli benda á að ríkisstjórn hans hugi ekki fyrst og fremst að þeim sem verst hafa það. Þorsteinn virðist reyndar eitthvað misskilja grein mína, þar sem hann segir mig telja, „að við völd sé ríkisstjórn sem ætli sér ekki að bæta kjör þeirra verst settu.“ Ekki einu sinni núverandi ríkisstjórn mundi vera svo ósvifin að gera ekkert fyrir þau verst settu. Það að ætla að gera eitthvað, segir hins vegar ekkert um hverjar áherslurnar eru.

Stjórnsmál snúast að stórum hluta til um forgangsröðun og hvergi birtist forgangsröðun núverandi ríkisstjórnar betur en í nýsamþykktri fjármálastefnu. Þar hefur ríkisstjórnin lagt línurnar fyrir næstu fimm ár. Miðað við orð Þorsteins vaknar sú spurning hvort ráðherra þekki ekki stefnu eigin ríkisstjórnar.

Því hvað er þar að finna? Jú, þak er sett á ríkisútgjöld þannig að þau verða að vera ákveðið hlutfall af vergri landsframleiðslu. Sem sagt, dragist landsframleiðsla saman verður að draga úr ríkisútgjöldum. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir að efnahagslífið bölgni áfram út, gerist slíkt ekki þarf einfaldlega að draga úr ríkisútgjöldum.

Þorsteinn segir að velferðin sé í forgangi hjá núverandi ríkisstjórn og kemur m.a. inn á bótakerfið. Í því samhengi er ágætt að skoða hækkan lifeyris almannaþrygginga í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, en áætlað er að hún verði á bilinu 3,1 til 4,8% á tímabilinu 2018 til 2022. Og hvað þýðir það? Jú, ef við gefum okkur 4,8% hækkan þá þýðir það að óskertur örorku- og endurhæfingarlífeyrir mun hækka í um 239 þúsund krónur á mánuði í byrjun árs 2018. Og það, kæri Þorsteinn, er ekki nóg.

Ríkisstjórnin ætlar hins vegar ekki að beita skattkerfinu sem jöfnunartæki. Að láta þau sem betur hafa það leggja meira til sameyslunnar. Að afla tekna til að bæta hag þeirra verst settu. Það væri alvöru velferð.



Ríkisstjórnin ætlar hins vegar ekki að beita skattkerfinu sem jöfnunartæki.

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.

Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlösi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgyeyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku. Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.

www.regalo.is

REGISTERED WITH LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

Swedish BEAUTY & COSMETICS Awards
The winner 2017

Regalofagmenn | Regalo ehf Iceland

Fjölskrúð og fáskrúð

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson

Ég horfist í augu við gamlan barnæskubangsa milli þess sem ég skrifa þetta – hann er ekkert sérstaklega hjálplegur frekar en fyrri daginn, en hann hefur þó fylgt mér gegnum tíðina blessaður, aldrei verulega atkvæðamikill og eiginlega ekkert sérlega skilningsríkur heldur en hann hefur þó sína áru sem hefur verið að mótast frá því að fundum okkar bar saman kringum þriggja ára afmælið. Skammt frá honum er karborator úr Morrisnum sem fjölskyldan átti þegar ég var lítill, fyrsta bílnum; ég veit ekki af hverju pabbi hafði hann alltaf í hillu hjá sér en honum fannst þetta skemmtilegur skúlp-túr. Og nú er hann hjá mér, fornfálegur og fallegur vitnisburður um mannlegt hugvit og minningavaki um ferðir í bíl, samveru, andrúmsloft – og hefur sína áru, rétt eins og plathálsfestin þar við hlöðina sem dóttir mín bjó til handa mér þegar hún var í leikskóla og hefur hennar áru og sína áru og mína áru.

Eyðisandur minimalismans

Ég aðhyllist maximalískan lífsstíl. Ég veit að öllu ægir saman hjá mér og sjetteringarnar eru glataðar. Og ég veit að ég fylli rými mitt af þarflausum hlutum: til hvers er þessi steinn? Ekki neins. Undir hvað er þessi skál? Ekki neitt. Hvað er þessi hattur að gera þarna? Ekkert ...

Ég veit að þetta er hættuspil. Svo gæti farið að allt sykki í drasl hjá mér og ég yrði kaosinu að bráð, hyrfi inn í áruþykki og gleymdi stund og stað. Maximalistinn þarf alltaf að vera að færa dótið sitt til og frá, til að skynja það upp á nýtt, eða jafnvel átta sig á því að kominn sé tími til að losa sig við það.

Allt fer þetta í bága við eina helstu kröfu nútímans, sem er að heimili séu stílhrein eins og það er kallað. Öðru nafni fábreytt; að allt sé meira og minna eins. Í hendur við þessa stífu fábreytnikröfu helst tómléikakrafan, að maður eigi að skapa hálfgera auðn í kringum sig. Þetta er krafan um hið stílhreina tóm; hið klíniska líf, óspjallað af sögu, kenndum, persónuleika og samskiptum. Eiginlega á maður að eyða jafnharðan öllum ummerkjum um sig og líf sitt. Einn vinsælasti samskiptamáti nútímans endurspeglar þetta, Snapchat, þar sem skilaboðin eyðast jafnharðan og þau hafa verið send og numin.

Íbúðir verða staðlaðir eyðisandar. Stílhreinir.

Fjölskrúðshyggi og fáskrúðshyggi

Lífið á að vera falið í innbyggðum skápum, herðatré, skór, pottar, matur: allt er falið eins og blygðunar-efni. Bóklausar hillur, myndlausir veggir, munir sem veljast saman vegna litasettinga og verður að sama skapi árulausir. Hvítir veggir, svartir munir, svartir veggir, hvítir munir, grátónar – glerborð. Svartir og hvítir skrautmunir með grátóna tilbrigðum. Stórar stofur með einum svörtum sófa, einni hvíttri mottu, kannski stól sem er eftir einhvern og er grátóna. Og glerborð. Eldhúsin eiga að líta út eins og geimskip eða tilraunastofur, þar sem allt skal geymt í innbyggðum skápum.

Lífið er annars staðar. Það er í tölvunni, innbyggt. Þar er allt, mús-íkin sem streymir af netinu, lesefnið, skrifin, kenndirnar sem maður tjáir með táknmyndum, fjölskyldumyndirnar, minningarnar, áran sem leikur um líf þitt ...

Gott og vel. Við lifum á undur-

samlegum tímum. Á meðan ég skrifa þennan heimsósóma yfir nútímalífnaðarhátum hlusta ég af netinu á Ali Farka Toure frá Malí úr litlum og handhægum hátalara og spjalla milli málsgreina við mann í Finnlandi og annan í miðbæ Reykjavíkur. Enginn skyldi lasta þá möguleika sem slíkar tengingar gefa okkur – þó að þær hafi að vísu líka fært okkur Trump því að nú getur fólk verið allan daginn á netinu án þess að þurfa nokkru sinni að sjá þar satt orð.

Minimalismi og maximalismi. Mætti ekki kalla þetta fjölskrúðshyggi og fáskrúðshyggi? Fjölskrúðsfólk gleðst við alla liti heimsins og þá óumræðilegu auðlegð sem felst í að mega blanda þeim saman á alla hugsanlega vegu. Fáskrúðshyggi-menn telja að við eigum að neita okkur um liti, og leyfa alls ekki fleiri en einn í einu, helst bara svart og hvítt af því að það er svo stílhreint. Fáskrúðsljóð geyma aðeins eina mynd, stílhreina, en í fjölskrúðsl-

